



ÁHRIF #METOO-BYLTINGARINNAR Á FYRIRTÆKJAMENNINGU

Ávarp forseta Íslands Guðna Th. Jóhannessonar á málþingi Félags kvenna í atvinnulífinu 7. febrúar 2018

Ráðherra,
ágæta forystufólk FKA,
góðir gestir

Ræðubútur eitt:

Nú á dögum standa vonir til að við séum á tímamótum: „Hingað og ekki lengra!“, heyrst um heim allan. Skömmu fyrir þingsetningu fordæmdu nýkjörnir alþingismenn kynferðislega áreitni og ofbeldi, hvarvetna heyrast sömu raddir. Boðskapurinn er einfaldur og skýr: Hingað og ekki lengra, yfirgangur verður ekki lengur liðinn. Við verðum að hlusta, við verðum að gera betur, við sem búum saman í þessu samfélagi. Hið sjálfsagða er hægt að segja á marga vegu, hér má vitna í prósaljóð Elísabetar Jökulsdóttur skáldkonu:

Það eru allskonar venjulegir menn,
jafnvel vinir mínir,
að kvarta undan þessari „me too“ bylgju sem er í gangi.

Þeir segja:

„Ekkert má maður“ og „hvað má eiginlega“

og „ekkert má maður lengur“.

Við þá vil ég segja, það má ekkert, maður biður um leyfi fyrir öllu:

Má ég sýna þér hvað ég er að skrifa?

Má ég fá tannkremið, má ég fá mjólkina?

Má ég vitna í þig?

Má ég kíkja í heimsókn?

Má ég knúsa þig, má ég fá lánaða húfuna þína?

Og nei þýðir nei. Hér skiptir engu máli í hvaða flokki fólk stendur, málstaðurinn er það sterkur, þörfin það brýn. Þrátt fyrir allt okkar ósætti, allar okkar ólíku hugsjónir, skulum við standa saman um grundvöll okkar samfélags – réttarríki og mannréttindi, víðsýni,

umburðarlyndi og einstaklingsfrelsi, samkennd og mannúð, jafnrétti, velferð og vernd allra gegn hvers kyns ofríki og aðkasti.

Ræðubútur tvö:

Kæru landar. Kannski verður nýliðins árs einkum minnst fyrir þau tímamót að konur fylktu liði gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldi, sögðu „Hingað og ekki lengra!“ og karlar tóku undir. Við eigum að standa saman um samfélag sem hafnar ráðríki hinna freku, áfergju þeirra sem þykjast geta komist upp með hvað sem er. Í þessum efnum sem öðrum má þó varast alhálfingar, hvíksögur og haldlausar ásakanir; þær spilla góðum málstað.

Ræðubútur þrjú:

„,Hann er sterkasti maður í heimi,“ sagði Anna. „Maður, já,“ svaraði Lína, „en ég er sterkasta stelpa í heimi, mundu það.“ Svona fyrirmynd er þakkarverð um okkar daga, freki karlinn átti ekkert í Línu.

Góðir áheyrendur!

Í þessu embætti nýt ég þeirra forréttinda að geta látið rödd mína heyrast svo að eftir er tekið. Hér á undan tíndi ég til þrjú dæmi sem varða umræðuefni þessa fundar. Fyrst leyfði ég mér að vitna í setningu Alþingis í fyrra – seinna skiptið sem þingið var sett – og kom þá orðsnilld Elísabetar Jökulsdóttur að góðum notum. Síðan kom tilvitnun í nýársávarp og að síðustu vitnaði ég í Astrid Lindgren og söguna um Línu langsokk, í hátíðarræðu í boði Svíakonungs í fyrra mánuði.

Engin þessara orða falla í tómarúmi. Öll kallast þau á við ummæli annarra, öll eiga þau sér þær rætur að konur hafa þurft að þola áreitni eða ofbeldi, jafnvel ítrekað og árum saman. Þið þekkið sögu síðustu vikna og mánaða, sögu sem opinberaðist við #MeToo-vakninguna ytra, hörmungarsögu sem hafði líka gerst hér heima, ógnvekjandi sögu sem má meðal annars rekja eftir þessum slóðum vefmiðlanna:

[http://www.visir.is/g/2017171019089/myllumerkid-me-too-tekur-yfir-samfelagsmidla-sannast-enn-og-aftur-hversu-stort-samfelagslegt-vandamal-kynferdisofbeldi-er-](http://www.visir.is/g/2017171019089/myllumerkid-me-too-tekur-yfir-samfelagsmidla-sannast-enn-og-aftur-hversu-stort-samfelagslegt-vandamal-kynferdisofbeldi-er)
[http://www.visir.is/g/2017171118987/segir-rannsokn-innan-leiklistarinnar-i-forgangi-grafalvarlegir-hlutir-sem-ad-tharna-eru-a-ferdinni-](http://www.visir.is/g/2017171118987/segir-rannsokn-innan-leiklistarinnar-i-forgangi-grafalvarlegir-hlutir-sem-ad-tharna-eru-a-ferdinni)
<http://www.visir.is/g/2017171029700/fjoltmorg-daemi-um-kynferdislega-areitni-og-ofbeldi-innan-ithrottahreyfingarinnar>
<http://www.ruv.is/frett/lektor-taldi-stelpurnar-i-naminu-til-i-tuskid>
<https://kjarninn.is/skyring/2018-01-24-metoo-konur-af-erlendum-uppruna-stiga-fram/>
<https://stundin.is/grein/5850/vid-erum-haettar-ad-thegja/>

„Við erum hættar að þegja,“ er sagt. Og þá eigum við öll að hlusta. En hvað svo? Við þurfum áfram að tala, tala um margþætt mein, nauðgun og ofbeldi, þrýsing, yfirgang og frekju, oftast en ekki í krafti valds í samfélagi – eða á vinnustað. Við þurfum að tala um þetta allt saman, en við þurfum líka að gæta okkur á því að fara ekki út um víðan völl, leggja ólíka hluti að jöfnu, hneykslast eða reiðast en ná svo ekki fram breytingum, raunverulegum og nauðsynlegum breytingum.

Til þess erum við hér, í boði Félags kvenna í atvinnulífinu. Ég get talað en ég þarf líka að hlusta, styðja fólk til góðra verka. Til þess eru ýmsar leiðir. Ég hlakka til að fylgjast með umræðum hér fram eftir morgni. Hér verður sjónum einkum beint að áhrifum #MeToo-byltingarinnar á fyrirtækjamenningu. Fyrir skemmstu skrifaði Halla Tómasdóttir um

skynsamlegar aðgerðir í þeim efnum, undir fyrirsögninni „#MeToo og hvað nú? Er þinn vinnustaður að stinga hausnum í sandinn?“ Ég stikla hér á stóru en hvet ykkur til að leita uppi pistilinn, eftir samnefndri slóð.

Fyrsti liður: „Ekki gera ekki neitt. Ekki stinga hausnum í sandinn og líta á þessa byltingu sem eitthvað sem kemur þér og þínum vinnustað ekki við. ...“

Í öðru lagi: „Setjið upp skýrt ferli og tryggið sömu meðferð fyrir alla. ... Lykilatriði er að fórnarlömb viti hvernig beri að tilkynna tilvik, fái stuðning í að takast á við sína reynslu, viti að óháð rannsókn fer fram og að skýr viðurlög séu við öllu slíku athæfi. ...“

Í þriðja lagi: „Virkið stjórnendur og starfsmenn. ... Ein áhrifaríkasta leiðin við að uppræta ofbeldi, áreitni og einelti er að virkja þá sem venjulega standa hjá, kenna þeim sem sjá eitthvað að bregðast við. Takist að fá okkur sem allt of oft veljum hliðarlínuna til að stíga nú inn í allar slíkar aðstæður með jákvæðum og uppbyggilegum hætti, þá mun með tímanum takast að breyta menningunni.“

Í fjórða lagi: „Nýtið tækifærið til að bæta vinnustaðamenninguna fyrir alla. ... #MeToo býður uppá einstakt tækifæri til að öðlast dýpri skilning á menningunni á þínum vinnustað. Hvaða gildi ráða raunverulega för þegar kemur að ákvörðunum í þínu fyrirtæki? Hvaða undirliggjandi viðhorf hafa áhrif á framþróun og möguleika til þess að innleiða breytingar?“

Í fimmta og síðasta lagi: „Verum viðbúin bakslagi. ... Forðumst öfgar í umræðunni og einblínum á opna umræðu og aðgerðir í þágu bætts vinnuumhverfis fyrir alla, konur og karla.“

Undir þessi orð tek ég. Ég vildi í raun að ekki þyrfti að halda málþing af þessu tagi en það væri til lítils að horfa framhjá vandanum og yppta bara öxlum. Munum hin sígildu varnaðarorð Tómasar Guðmundssonar:

Því meðan til er böll sem bætt þú gast,
og barist var á meðan hjá þú sast,
er ólán heimsins einnig þér að kenna.